

16. febrúar 2015
1601236

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi

Með tölvupósti þann 28. janúar 2016 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi, 396. mál. Tilgangur frumvarpsins er innleiðing á tilskipunum Evrópusambandsins 2009/138/EB og 2014/51/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, með síðari breytingum. Tilskipanirnar er í daglegu tali nefnd „Solvency II“. Verði frumvarpið að lögum munu þau leysa af hólmi lög nr. 56/2010 um váttryggingarstarfsemi.

Seðlabankinn mælir með að frumvarp þetta verði samþykkt þó það snerti viðfangsefni Seðlabankans aðeins með óbeinum hætti, en vill vekja athygli á eftirfarandi.

Í 5. gr. er fjallað um leyfilega hliðarstarfsemi. Þar kemur fram að tryggingarfélagi er heimilt að byggja, eiga og reka fasteignir og að veita útlán samkvæmt reglum sem stjórn setur. Þarna getur myndast áhætta sem vel þarf að fylgjast með enda getur þátttaka tryggingafélaga í lánastarfsemi ýtt undir útlánavöxt í hagkerfinu, hækkandi eignaverð og þar með kerfisáhættu. Væntir Seðlabankinn þess að ítarlega verði kveðið á um áhættumat á hliðarstarfsemi tryggingarfélaga í einni af þeim fjölmörgu reglugerðum sem boðaðar eru í frumvarpinu. Samkvæmt 50. gr. á ráðherra setja reglugerð sem útfærir frekar kröfur um áhættustýringu og samkvæmt 45. gr. setur Fjármálaeftirlitið nánari reglur um framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats. Jafnframt gæti verið komið inn á þetta atriði í öðrum reglugerðum sem boðaðar eru í frumvarpinu. Seðlabankinn mun fylgja eftir þessari athugsemd sinni þegar þessar reglugerðir liggja fyrir og mælir með því að allar heimildir í tilskipunum til takmörkunar á lánastarfsemi tryggingarfélaga verði nýttar að fullu.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri